

Skólaráð 12. október 2023

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Helga Guðný Sigurðardóttir og Fjóla Borg Svavarsdóttir fulltrúar foreldra á Teams, Sif Garðarsdóttir og Ragnheiður Gísladóttir fulltrúar kennara, Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi starfsmanna og Eva Steinsen Jónsdóttir fulltrúi nemenda.

1. Fundartímar skólaráðs: 30. nóv kl. 17 á Teams, 1. feb kl. 8:20 staðfundur, 11.apríl kl. 17 á Teams og í maí er opinn skólaráðsfundur á sal skólans seinnipart dags. Fundarboð send í Outlook.

2. Fulltrúi grenndarsamfélagsins: Þarf að auglýsa eftir honum. Fulltrúar foreldra fá það hlutverk að auglýsa eftir þessum fulltrúa.

3. Starfsáætlun: Farið yfir athugasemdir til leiðréttinga.

Fyrirspurn frá foreldri um ferð fyrir 9.bekkinga nú þegar UMFÍ hefur lokað sinni starfsemi. Skólinn mun skoða ferð í samstarfi við bekkjarfulltrúa foreldra í árgangi.

Engar athugasemdir við starfsáætlun Vínahóls.

Umræður um skort á starfsmönnum í Vínahóli sem aðeins er að glæðast. Ábending foreldris um að bjóða unglingum upp á val, þ.e. einu sinni í viku í Vínahóli. Hefur verið reynt hér en ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir.

4. Önnur mál

- Nýr skóli, opnun árið 2024.

- Skólaárið fer vel af stað, höfum aldrei verið með jafn fjölmennan skóla en allt gengur vel.

- Nýráðinn deildarstjóri stoðþjónustu styður vel við skólastarfið.

- Barnaþing framundan þar sem fulltrúar nemenda taka þátt.

- Fyrirspurn frá foreldri, eru einhverjar reglur um samskipti nemenda og starfsmanna á samfélagsmiðlum? Óskráðar reglur til staðar sem þarf að ræða meðal skólastjórnenda og í kjölfarið í starfsmannahópnum.

- Ábending frá foreldri um að maturinn sem nemendum er boðið upp á sé alltaf að verða betri.

Kennari tekur undir og segir að margir hafi rætt það í foreldraviðtölum og fulltrúi nemenda tekur undir það.

- Fyrirspurn varðandi íþróttahúsnæði við skólann. Búið að gera lagfæringar í kjallara hússins við Holtagerði svo hægt er að nýta það rými við kennslu. Að auki er kennt í Smára (miðstig) og Reebok (elsta stig).

Ekki heyrst af áformum um uppbyggingu nýs íþróttamannvirkis hér á Kársnesi.

Fundargerð skráð af Sigrúnu Valdimarsdóttur, aðstoðarskólastjóra